



Grímsnes og Grafningshreppur
Deiliskipulag frístundabyggðar
Kringla 4

Lýsing á skipulagsverkefni,
skv. 40.gr. skipulagslaga nr. 123/2010

14. ágúst 2019

Pétur H. Jónsson skipulagsfr. arkitekt f.a.í.
Laugaveg 13, 101 Reykjavík
Sími: 562-4140 Netfang: ima@simnet.is

1. Inngangur

Hér er um að ræða 22.6 ha svæði á jörðinni Kringlu 4, í Grímsnes og Grafningshreppi. Hafa landeigendur hug á að skipuleggja frístundalóðir á landinu.

2. Skipulagslýsing

Skipulagslýsing er ætluð til að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórn og öðrum sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.

Lýsing þessi er gerð skv. 1. mgr. 40. gr. Skipulagslaga nr.123/ 2010 sem er eftirfarandi:

40. gr. Gerð deiliskipulags, kynning og samráð.

Þegar vinna við gerð deiliskipulagstillögu hefst skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefni þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við deiliskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.

3. Forsendur:

Ástæðan fyrir gerð deiliskipulagsins er m.a. að mikil eftirspurn hefur verið eftir lóðum fyrir frístundabyggð í Grímsnes og Grafningshreppi og hafa landeigendur á svæðinu unnið að því að koma til móts við þá eftirspurn. Uppbygging frístundabyggða hefur einnig mjög jákvæð áhrif á alla atvinnustarfsemi á svæðinu.

4. Náttúruvernd:

Svæði þetta er á náttúruminjaskrá og tilheyrir svæði *nr. 739 - Brúará og Brúarskörð*.

Tryggja skal að ekki verði byggt of nærri vatns- og árbökkum. Til að ná fram skilvirkri vernd vatnavistgerða þarf að tryggja að jaðarsvæðum þeirra sé ekki raskað í að minnsta kosti allt að 100 m frá þeim.

5. Fornleifar

Ekki eru fornminjar á svæðinu svo vitað sé.

6. Áhrifamat


Svæðið er óbyggt og lítið raskað og er að hluta til á verndarsvæði. Uppbygging mannvirkja á svæðinu mun, hafa einhver neikvæð umhverfisáhrif. Dregið er úr neikvæðum sjónrænum áhrifum eins og hægt er, með því að setja í skilmála, að mannvirki skuli falla að svipmóti lands og skal lita- og efnisval miða við náttúrulega líti í umhverfinu. Frístundabyggð þessi er talin hafa jákvæð áhrif á samfélag þar sem hún mun styrkja byggð, skapar atvinnutækifæri og auka fjölbreytni í atvinnulífi.



Skipulagssvæðið er sýnt með gulri línu.

7. Skipulagssvæðið og staðhættir

Svæðið sem um ræðir er 22.6 ha að stærð og er flatlent mólendi og mýri og er í um um 60 m yfir sjávarmáli. Að austanverðu liggur landið að bökkum Brúarár. Reiknað er með að aðkoma að svæðinu verði frá Árvegi.



Hluti úr Aðalskipulagi Grímsnes og Grafningshrepps 2008 - 2020 m.s.br.

8. Aðalskipulag

Deiliskipulagið verður í samræmi við Aðalskipulag Grímsnes og Grafningshrepps 2008-2020 m.s.br., þar sem land þetta er skilgreint sem svæði fyrir frístundabyggð og er hluti úr svæði merkt F52b í greinargerð aðalskipulagsins. Deiliskipulagið verður í samræmi við þá stefnumörkun sveitarfélagsins sem fjallað er um í greinargerð aðalskipulagsins.

9. Umsagnaraðilar
Skipulagsstofnun
Umhverfisstofnun
Minjastofnun Íslands
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
Brunavarnir Suðurlands

10. Skipulagsferli og tímaáætlun:

1. Lýsing á fyrirhuguðu deiliskipulagi kynnt fyrir skipulagsnefnd og sveitarstjórn Grímsnes og Grafningshrepps
Áætlaður tími: ágúst/september 2019
2. Lýsing að deiliskipulagi kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum og umsagnaraðilum.
Áætlaður tími: september/október 2019
3. Deiliskipulagstillagan tekin til umfjöllunar og afgreiðslu í skipulagsnefndar og sveitarstjórn Grímsnes og Grafningshrepps.
Áætlaður tími: september/október 2019
4. Tillagan auglýst formlega til kynningar í héraðsblaði, blaði sem gefið er út á landsvísu, í Lögbirtingablaðinu og á heimasíðu skipulagsfulltrúa og sveitarfélags. Frestur til athugasemda er í sex vikur frá birtingu auglýsingar.
Áætlaður tími: október/desember 2019
5. Að loknum kynningartíma fer sveitarstjórn yfir innkomnar athugasemdir. Ef einhverjar eru og þeim svarað. Sveitarstjórn samþykkir eða samþykkir ekki tillöguna í ljósi innsendra umsagna og athugasemda.
Áætlaður tími: desember/janúar 2019
6. Ef sveitarstjórn samþykkir tillöguna sendir hún hana til Skipulagsstofnunar til athugunar ásamt umsögnum og athugasemdum til endanlegrar afgreiðslu.
Áætlaður tími: desember/janúar 2019
7. Tillagan auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.
Áætlaður tími: janúar/febrúar 2020

11. Samþykkt lýsingar

Lýsing, þessi er í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Bláskógabyggðar.

Þann _____ 20